



**Fjölskyldusvið  
Húnaþings vestra**

Hvammstangabraut 5,  
530 Hvammstanga  
Sími 455-2400

## **Reglur um sal í Nestúni**

### **1. gr.**

Salurinn í Nestúni er fyrir íbúa í íbúðum aldraðra og félagsstarf eldri borgara, án endurgjalds.

### **2. gr.**

Íbúar í íbúðum aldraðra geta komið þar saman og ásamt sínum gestum t.d. vegna afmælis eða hátíða.

Félagsstarf fer fram í salnum á vegum Húnaþings vestra og Félags eldri borgara í Húnaþingi vestra. Dæmi um viðburði: kóræfingar, dans, fundir o.þ.h.

Ekki er boðið upp á að leigja eða lána salinn.

### **3. gr.**

Ekki skal skipuleggja viðburði eða starf í salnum eftir kl. 22:30.

### **4. gr.**

Húsvörður sér um að bóka starfsemi í salnum í Nestúni.

Samþykkt á fundi félagsmálaráðs þann 30. nóvember 2022